

#### **4. fundur *Fagráðs um símenntun og starfsþróun kennara í mennta- og menningarmálaráðuneytinu* 5. maí 2014, kl. 14-16.30.**

##### Mættir á fundinn:

Sigurjón Mýrdal, Ársæll Guðmundsson, Anna María Gunnarsdóttir, Ingibjörg Kristleifsdóttir, Sigrún Grendal, Jón Torfi Jónasson, Guðmundur Engilbertsson, Kristín Valsdóttir, Klara E. Finnbogadóttir, Ragnheiður E. Stefánsdóttir, Haraldur Árni Haraldsson, Svanhildur María Ólafsdóttir, Steinunn Inga Óttarsdóttir, Svandís Ingimundardóttir, Trausti Þorsteinsson og Sólrún Harðardóttir.

##### Dagskrá

1. Farið yfir verkefni og starf fagráðsins og stýrihópsins fyrsta starfsárið og ræddar tillögur um verkefni næsta starfsárs. Fagráðið stillir saman strengi.
2. Mennta- og menningarmálaráðherra Illugi Gunnarsson kemur á fundinn og ræðir verkefni og hlutverk fagráðsins.
3. Samantekt samræðna og næstu skref.
4. Önnur mál

1.

Sigurjón Mýrdal gaf yfirlit yfir starf fagráðs og stýrihóps fyrsta starfsárið 2013-14 og rifjaði upp skipun ráðsins, forsögu, samsetningu og hlutverk. Hann kynnti til leiks nýjan starfsmann, Sólrúnu Harðardóttur, sem ráðin var í 50% starf frá og með 1. maí. Farið var yfir starfsemi fagráðsins og rifjað upp hvernig fjármögnun þess og verkefna á vegum þess skyldi háttað. Á árinu hefur fagráðið haldið 3 fundi og stýrihópurinn 13 fundi. Vísað er til fundargerða þessara funda sem allar liggja fyrir. Auk þess hefur starfshópur unnið að undirbúningi norrænu formennskuráðstefnunnar í ágúst 2014, um starfsþróun kennara og skólastjórnenda og annar hópur hefur hist til að þróa símenntunarvef. Þá tók fagráðið þátt í undirbúningi og framkvæmd vorráðstefnu Miðstöðvar skólaþróunar við HA í apríl sl. sem tileinkuð var starfsþróun og árangursríku skólastarfi.

Trausti Þorsteinsson fór yfir og ræddi áherslur sem lagðar voru fyrsta starfsárið. Þær voru sérstaklega til umræðu á vinnufundi fagráðs 22. nóvember 2013 (sjá fundargerð). Einnig var rifjuð upp sú skilgreining sem varð til í framhaldi af hópavinnu á hugtakinu starfsþróun. Að lokum sagði Trausti frá ráðstefnu um starfsþróun sem haldin var á Akureyri 5. apríl sl. Helstu punktar frá ráðstefnunni:

- Starfsþróun eitt viðamesta verkefni skólakerfisins.
- Á ráðstefnunni var fjallað um hversu vítt starfsþróun nær. Starfsþróun í einum skóla undanskilur í raun engan. Hún þarf að ná jafnt til kennara og stjórnenda.

- Gengið er út frá því að kennarar verði að vera virkir þátttakendur bæði í mótun starfsþróunar og framkvæmd, annars verður ekki raunveruleg þróun menntunar. Dugar ekki að stjórnendur einir ákveði starfsþróun í sínum skóla.
- Lifandi starfsþróun á sér stað í skólasterfinu sjálfu, hún er hluti af starfi kennaranna og skólans í heild.
- Stöðug þróun starfsins, og þeirra sem sinna því, felur í sér breytingu viðhorfa, viðfangsefna, starfshátta og áherslna í starfi.
- Hverjir eru kennarar kennara, kennaramenntendur?

Svanhildur María Ólafsdóttir greindi frá undirbúningi og stöðu mála varðandi norrænna ráðstefnu um starfsþróun kennara í ágúst nk. Vefur ráðstefnunnar er:

<http://futureteachers2014.yourhost.is/> Svanhildur hvatti fulltrúa fagráðs til að kynna ráðstefnuna meðal samstarfsfólks hérlandis og erlendis. Hún benti á að Íslendingar greiða lægra þátttökugjald en þeir sem koma erlendis frá (25.000 kr.).

Sólrún Harðardóttir fylgdi úr hlaði lista yfir helstu verkefni framundan á vegum fagráðsins. Listinn var m.a. unninn útfrá gögnum, fundargerðum og í framhaldi af samtölum við stýrihópinn og fleiri. Fulltrúar í fagráði voru beðnir að íhuga hvort þeir vildu sjá fleiri atriði á þessum lista.

2.

Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra ávarpaði fund fagráðsins. Hann ítrekaði af hálfu ráðuneytisins vilja til að bæta grunnmenntun og símenntun kennara í tengslum við umbætur á skólakerfinu. Hann sagði að nú væri tímabært að setja enn meiri athygli á símenntun sérstaklega. Hann taldi mikilvægt að bæta samhengi á milli grunnmenntunar og áframhaldandi menntunar kennara. Oft reynist vera stórt bil á milli hugmynda kennarahóps sem er fyrir í skóla og nýútskrifaðra kennara. Máli sínu til stuðnings vísaði Illugi til TALIS 2009 könnunarinnar.

Ráðherra lagði áherslu á samráð á milli ólíkra hópa innan skólakerfisins, eins og staðan er nú virtist skorta á flæði og samstarf um stefnumótun. Fagráð um símenntun og starfsþróun kennara er gott dæmi um samráðsvettvang ólíkra hópa. Hlutverk fagráðsins eru skýr. Ráðherra styður heilshugar við starf fagráðsins og væntir mikils af störfum þess. Auka þarf samræmi á milli stefnumörkunar og framkvæmdar í menntakerfinu. Ef bæta á skólakerfið þarf að efla símenntun og starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Jón Torfi Jónasson lýsti yfir ánægju með orð Illuga og tók undir mikilvægi samráðs í skólakerfinu. Fagráðið væri spennandi vettvangur til samstarfs hagsmunaaðila og til opinnar umræðu. Fyrir fagráðið og störf þess er mjög mikilvægt að fá slíkan afgerandi stuðning ráðherra. Jón Torfi talaði einnig um hversu jákvætt það væri að geta kynnt á norrænu ráðstefnunni í haust starf fagráðsins og víðtækt samstarf um símenntun og starfsþróun kennara á Íslandi með stuðningi ráðherra menntamála.

3.

Ýmis önnur mál komu til umræðu á fundinum. M.a. var rætt um

- að brúa betur bilið milli stýrihóps og fagráðsins og mikilvægi þess að efla tengslin við bakland fagráðsins
- að brúa bilið á milli orða um starfsþróun og athafna í menntakerfinu
- nauðsyn þess að kynna betur tilhögun starfsþróunar kennara og skólastjórnenda í öðrum löndum, einkum á Norðurlöndunum
- að nýtt Skólamálaráð KÍ er í burðarliðnum, en þar hefur m.a. verið fjallað um skilgreiningar á starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Sigurjón og Sólrún fengu það hlutverk að ganga frá stöðuskýrslu til ráðherra þar sem einnig væri listinn um starfið framundan. Það er í samræmi við skipunarbréf ráðherra að skila árlega slíkri skýrslu.

Trausta, sem starfað hefur með fagráðinu síðan í okt. sl., var þakkað fyrir hans mikilvæga framlag.

Fundi slitið.

*Sólrún Harðardóttir*